

27. janúar 1972.

3

Nr. 3.

AUGLÝSING

um sérstök veiðisvæði fyrir línu fyrir Suðvesturlandi,
í Faxaflóa og Breiðafirði.

1. gr.

Skipum, sem veiðar stunda með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum, eru bannaðar veiðar til 1. apríl 1972 fyrir Suðvesturlandi og í Faxaflóa á eftirgreindum svæðum:

1. Frá Geirfugladrang hugsast dregin lína í réttvísandi austur í punkt 63°40'6N og 22°55'2V og þaðan réttvísandi 213° og frá Geirfugladrang hugsast dregin lína í norðurátt í punkt 63°58'2N og 23°29'1V og þaðan í réttvísandi vestur. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislínunni.

2. Í Faxaflóa á svæði, er takmarkast af línunum er hugsast dregnar milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|------------|---------|
| 1. 64°28'N | 23°57'V |
| 2. 64°27'N | 24°43'V |
| 3. 64°18'N | 24°43'V |
| 4. 64°18'N | 24°23'V |

Enn fremur er netaveiði bönnuð allt árið 1972 í Breiðafirði innan línu, sem hugsast dregin úr Skor í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu sbr. lög nr. 21 10. maí 1969 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. janúar 1972.

Lúðvík Jósefsson.

Jón L. Arnalds.